

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingólf Friðriksson, Ernu Sigríði Hallgrímsdóttur og Sigríði Eysteinsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Benedikt Hallgrímsson frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 frá 11. júní 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn og fella inn í samninginn eftirfarandi gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014 um samanburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/32 frá 28. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um staðlaða hugtakanotkun Sambandsins yfir dæmigerðustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/33 frá 28. september 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarform fyrir gjaldafirlitið og sameiginlegt tákni þess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/34 frá 28. september 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarsnið fyrir gjaldskrána og sameiginlegt tákni þess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB.

Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 7. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Gísli Rafn Ólafsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykktur álitum þessu.

Alþingi, 25. apríl 2022.

Diljá Mist Einarisdóttir,
frsm.

Jakob Frímann Magnússon.

Jóhann Friðrik Friðriksson.

Logi Einarsson.

Njáll Trausti Friðbertsson.

Steinunn Þóra Árnadóttir.